

81

29. sept.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

### um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að ríkisstjórnin telji óhjákvæmilegt að halda niðri framfærsluvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði, en telji hins vegar, að eigi sé hægt að greiða uppbætur á landbúnaðarvörur að fullu á þann hátt, er gert hefur verið.

Hefur því þótt rétt að ákveða að reikna ekki með verðhækkun þeirri, sem nú hefur orðið á kjöti og kjötvörum, við útreikning framfærsluvísitölnnar, en bæta hins vegar neytendum úr ríkissjóði þá fjárhæð, er þeir greiða meira en þeim bar fyrir það magn af kjöti, sem reiknað er með í vísitölu.

Með því að ég fellst á, að brýn nauðsyn sé til þess, að lög um þetta efni verði gefin út nú þegar, til þess að þau nái tilgangi sínum, gef ég út bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

#### 1. gr.

Við útreikning vísitölnnar 1. október 1945, og þar á eftir, skal aðeins reiknað með því verði á nýju og söltuðu dilkakjöti, hangikjöti og vinnsluvörum úr kjöti, sem talið var í vísitölnni 1. september 1945.

#### 2. gr.

Mismun á útsöluverði og vísitöluverði kjöts þess, er um getur í 1. gr., eiga menn, að undanteknum þeim, er í 3. gr. segir, kost á að fá endurgreiddan ársfjórðungslega úr ríkissjóði frá 20. september 1945. Engum verður þó greidd niðurgreiðsla á meira magn en 40 kg á ári fyrir hann sjálfan og hvern mann, sem hann hefur á framfæri sínu.

#### 3. gr.

Rétt til niðurgreiðslu samkvæmt 2. gr. hafa þó ekki:

1. Þeir, sem hafa sauðfjárrækt að atvinnu að meira eða minna leyti.
2. Atvinnurekendur, sem hafa 3 menn eða fleiri í þjónustu sinni.
3. Þeir, sem fá laun sín greidd að nokkru eða öllu leyti með fæði.

#### 4. gr.

Skattanefnd eða skattstjóri í hverju umdæmi semji skrá um alla þá, sem rétt hafa til niðurgreiðslu, og skal skráin miðuð við síðustu skattskrá á hverjum tíma. Synjun skattanefnda eða skattstjóra um upptöku á skrá má áfrýja til yfirskaðanefndar, sem kveður upp endanlegan úrskurð þar um.

#### 5. gr.

Ákveða má með reglugerð um alla framkvæmd laga þessara, þar á meðal um fyrirkomulag niðurgreiðslna, ákvæði er miða til tryggingar því, að þeir, er fá niðurgreiðslur, hafi notað tilsvarendi kjötmagn og um fyrning á niðurgreiðslukröfu.

## 6. gr.

Brot á lögum þessum, reglugerðum eða öðrum fyrirmælum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, og skal farið með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

81

29. sept.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. september 1945.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Pétur Magnússon.*

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við bráðabirgðalög frá 20. ágúst 1945,  
um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl.

82

29. sept.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að nauðsyn beri til, að verðlagsnefnd landbúnaðarafurða fái skýlausa heimild til þess að ákveða mismunandi verð á nýmjólk, eftir því hvort hún er seld frá mjólkurbúi eða beint frá framleiðendum til neytenda, enda verði þá verðmunurinn greiddur úr ríkissjóði. Framleiðendur, sem láti mjólk sína í mjólkurbú, þar sem unnið er úr miklum hluta hennar, þurfi herra verð fyrir neytlumjólkina heldur en þeir framleiðendur, sem selja mjólkina alla beint til neytenda.

Með því að ég fellst á, að brýn nauðsyn sé á því að setja bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

## 1. gr.

Aftan við 1. tölulið 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Verðlag á nýmjólk má ákveða mismunandi eftir því, hvort hún er seld frá mjólkurbúum eða beint frá framleiðendum til neytenda, enda verði þá verðmunurinn greiddur úr ríkissjóði.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. september 1945.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Pétur Magnússon.*